786 Upp, þúsund ára þjóð

Bókstafshljómar ekki eins og í sálmabók

5. Kom, Jesú Kristí trú,
kom, kom og í oss bú,
kom, sterki kærleiks kraftur,
þú kveikir dáið aftur.
Ein trú, eitt ljós, einn andi
í einu fósturlandi.

6. Guð faðir, lífs vors líf,
þú lands vors eilíf hlíf,
sjá, í þér erum, hrærumst
og af þér lifum, nærumst,
þú telur minnstu tárin
og tímans þúsund árin.

T Matthías Jochumsson 1874 – Sb. 1945
L Jacob Regnart 1574 – Vulpius 1609 – Schein 1627 – Sb. 1619
R Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs 1936

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023